



Rangárþing eystra

FUNDARGERÐ

**71. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
haldinn á skrifstofu Rangárþings ytra, 6. desember 2021 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, Hjalti Tómasson, Guðmundur Gíslason, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Leifur Bjarki Björnsson.

Fundargerð ritaði: Anton Kári Halldórsson, Ritari.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Brunavarna 2022 - 2110068

Margrét Jóna Ísólfsdóttir fjármálastjóri Rangárþings eystra fer yfir tillögu að fjárhagsáætlun brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2022.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti og vísar henni til staðfestingar aðildarsveitarfélaganna.

Samþykkt

2. Brunavarnir Rangárvallasýslu; Brunavarnaráætlun - 2105034

Leifur Bjarki Björnsson fer yfir helstu atriði áætlunarinnar. Rætt talsvert um brunavarnir í tengslum við virkjanir. Mikilvægt er að eiga samtál við Landsvirkjun og Brunavarnir Árnassýslu varðandi þau mál. Rætt um skiptingu kostnaðar sveitarfélaganna við brunavarnir. Ákveðið að eiga samtál við áðurnefnda aðila áður en ákvarðanir varðandi skiptingu kostnaðar verður tekin. Brunavarnaráætlun fyrir brunavarnir Rangárvallasýslu lögð fram til samþykktar.

Stjórn brunavarna samþykkir brunavarnaráætlun samhljóða og vísar henni til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45